



„Það var magnað að sjá breytinguna á þeim“

Niðurstöður úr sértæku hópstarfi í félagsfærni

Andrea Ósk Þorkelsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs
Deild heilsuefningar, íþróttar og tómstunda



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

„Það var magnað að sjá breytinguna á þeim“

Niðurstöður úr sértæku hópstarfi í félagsfærni

Andrea Ósk Þorkelsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs í tómstunda- og félagsmálafræði

Leiðbeinandi: Árni Guðmundsson

Deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2021

„Það var magnað að sjá breytinguna á þeim“

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til BA-prófs
í tómstunda og félagsmálafræði við deild heilsueflingar, íþróttar og
tómstunda,
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Andrea Ósk Þorkelsdóttir 2021

Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Ágrip

Góð og jákvæð félagsfærni er mikilvægt verkfæri fyrir börn og unglunga sem getur reynst þeim dýrmætt veganesti í lífinu. En það er ekki sjálfgefið að vera með góða félagsfærni og geta einstaklingar alltaf bætt sig. Það er hægt að setja þetta í svipaða merkingu og með líkamann, líkaminn þarfnast reglulegrar hreyfingar til þess að haldast heilbrigður og andlega hliðin þarfnast þess sama. Þar af leiðandi er mikilvægt fyrir börn og unglunga að æfa sig í félagsfærni og félagslegum aðstæðum. Þessi ritgerð er lokaverkefni til BA gráðu í tólmstunda- og félagsmálafræði. Markmið ritgerðarinnar er að varpa ljósi á sértækt hópastarf félagsmiðstöðva ásamt mikilvægi samstarfs grunnskóla og félagsmiðstöðva. Sértækt hópastarf var sett fram sem örnámskeið í félagsfærni þar sem áhersla var lögð á einstaklingsvinnu en jafnframt verið að efla hópinn. Notast var við rannsóknarspurninguna: Hvernig virkar að nota sértækt hópastarf til að efla félagsfærni unglunga í Mosfellsbæ? Með undirspurningunni: Er samstarf skóla og félagsmiðstöðva mikilvægt þegar kemur að sértæku hópastarfi? Jákvæðar niðurstöður fengust úr viðtölum sem tekin voru við deildarstjóra, kennara og stuðningsfulltrúa en ekki er þó hægt að alhæfa um niðurstöðurnar.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Myndaskrá	5
Formáli	6
1 Inngangur	8
2 Tímstundir	9
2.1 Tímstundamenntun	10
3 Félagsmiðstöðvar	11
3.1 Mikilvægi félagsmiðstöðva	11
3.1.1 Starfshættir í félagsmiðstöðvum.....	12
4 Fagmennska	14
5 Hópar	16
5.1 Hópastarf.....	16
5.2 Sérþækt hópastarf	17
5.2.1 Félagsfærni.....	17
5.2.2 Forvarnir	18
6 Félagsmiðstöðin Ból	20
6.1 Undanfari.....	20
6.2 Samstarf skóla og félagsmiðstöðva.....	21
6.3 Framkvæmd.....	22
6.4 Örnámskeið í félagsfærni	23
7 Aðferðafræði	24
7.1 Rannsóknaraðferð.....	24
7.1.1 Þátttakendur	25
7.1.2 Framkvæmd	25
7.1.3 Greining viðtala.....	26
8 Niðurstöður	27
8.1 Jákvæðar breytingar.....	27
8.2 Samstarfið.....	28
8.3 Samantekt.....	29
9 Lokaorð	30
Heimildaskrá	31
Viðauki 1: Spurningalisti	34

Myndaskrá

Mynd 1. Tengslarit (e.sociogram)	22
--	----

Formáli

Ég hef starfað með börnum og unglingum frá því ég byrjaði að vinna. Ég hef verið þjálfari, leiðbeinandi í frístundaseli, unnið nánast í öllum stöðum sem vinnuskólinn hefur upp á að bjóða allt frá aðstoðarflokkstjóra í það að vera yfir öllum vinnuskólanum og starfsemi hans, þjálfað hjá KVAN og margt fleira sem tengt börnum og unglingum. En mín allra mesta ástríða í starfi er að starfa með unglingum og hef ég því starfað í Félagsmiðstöðinni Ból síðustu 7 árin með nokkrum pásam. Sama hvað ég hef prófað að starfa við fór alltaf hugurinn til baka í félagsmiðstöðina. Það var ekki fyrr en ég skoðaði ferilskránna mína einn daginn að ég áttaði mig á því að ég ætti heima í æskulýðsstarfi og vakti því tómsunda- og félagsmálafræðin athygli mína þar sem mig langaði að mennta mig í því sem ég elska að gera, starfa með unglingum og ungmennum. Ég byrjaði í náminu árið 2017 og þá með eitt lítið kríli í maganum þannig ég ákvað strax að vinna með skólanum og taka námið á fjórum árum í stað þriggja. Ég fann það strax hvað námið hentaði mér fullkomlega og var ég spennt að takast á við þetta áhugaverða nám. Nú þegar sér fyrir endann á náminu er ég spennt að halda áfram að vinna á þessari braut og geta nýtt mér enn frekar það sem ég hef lært í náminu. Ég hef alla tíð verið mikil félagsvera og leiðtogi, ég hef spilað handbolta frá því ég var lítil og mikil liðskona. Fátt skemmtilegra sem ég geri en að hvetja liðið mitt áfram og hef ég húmorinn þar oft fremstan í flokki, enda minn helsti styrkleiki. Ég þekki það sjálf á eigin skinni að líða ekki alltaf vel og veit því hvað það er mikilvægt að hafa einhvern til að tala við þar sem ég glímdi við kvíða þegar ég var yngri en vann mig út úr því með ýmsum aðferðum og hjálp fagaðila. Ég tel það reynslu sem hjálpar mér í starfi og auðveldar mér að skilja líðan annarra. Fannst mér því tilvalið að velja mér vettvang sem að reynir að hjálpa unglingum að efla sjálfan sig og tileinka lokaritgerðinni minni skrif um það. Ég fékk einstakt tækifæri á mínum vinnustað til þess að skapa eitthvað nýtt og óendanlega þakklát fyrir það traust sem mér var gefið af yfirmanni mínum, Guðrúnu Helgadóttur. En að lokum vil ég þakka móður minni Guðrúnu Einarsdóttur fyrir hjálpina í gegnum þessa ritgerð, bæði með yfirferð og hvatningu.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið

með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, ____ . _____ 20__

1 Inngangur

Þetta lokaverkefni fjallar um niðurstöður í rannsókn á sértæku hópastarfi í formi örnámskeiðs í félagsfærni. Örnámskeiðið átti sér stað í félagsmiðstöð í Mosfellsbæ veturinn 2021 sem nýsköpun í vettvangsnámi tvö. Verkefnið fjallar um þá þætti sem að tengjast tómsundarfræðinni og þeim félagslegu þáttum sem standa bakvið sértæka hópastarfið ásamt því að kafað verður í þann árangur sem náðist og samstarf skóla og félagsmiðstöðva.

Markmið ritgerðarinnar er að sýna fram á mikilvægi þess að börn og unglingar fái þjálfun í félagsfærni með jákvæðum og uppbyggjandi hætti. Það er hægt að fara mismunandi leiðir til þess að gera það t.d. að efla sjálfstraust, æfa sig í samræðum, mynda sér skoðun, setja sig í spor annarra og efla virðingu. Félagfærni er ekki eitthvað sem að kemur einn daginn til manns og verður heldur þarf að þjálf þetta upp alveg eins og við þjálfun líkamann okkar til þess að vera hraustur og heilbrigður. Það er margt að gerast í lífi unglunga og hvað þá þegar fyrsta skrefið upp í unglingadeild er tekið og því var lögð áhersla á 8.bekk í örnámskeiðunum sem framkvæmd voru. Unglingar í 8.bekk geta verið á mjög mismunandi þroskastigi og félagslegar aðstæður geta verið að taka breytingum. Það er því mikilvægt að þau öðlist þá þjálfun og æfingar í félagslegum aðstæðum með hjálp leiðbeinanda. Höfundur telur það gríðarlega mikilvægt að unglingar fái þjálfun í félagsfærni því að það gæti reynst þeim dýrmætt veganesti í framtíðinni og þau jafnvel viljað efla hana ennþá meira með öðrum hætti.

Einnig verður varpað ljósi á samstarf sem átti sér stað milli skóla og félagsmiðstöðvar og sýnt fram á hversu mikilvægt það er. Án samstarfs hefði örnámskeiðið verið erfitt til framkvæmdar þar sem að það átti sér stað á skólatíma. Samstarfið hefur átt sér stað í nokkur ár og hjálpaði það við að láta þetta allt saman vera að veruleika.

Í ritgerðinni verður leitast við að svara spurningunni: Hvernig virkar að nota sértækt hópastarf til að efla félagsfærni unglunga í Mosfellsbæ? með undirspurningunni: Er samstarf skóla og félagsmiðstöðva mikilvægt þegar kemur að sértæku hópastarfi?

2 Tímstundir

Meðalmanneskja eyðir um 27 árum af lífi sínu í frítíma ef hún nær að lifa í 70 ár en aðeins 7,33 árum í vinnu. Fólk áttar sig oft ekki á því hversu mikill tími þetta er og sumir vita hreinlega ekki hvað þeir eru að gera í þessum tíma og hvernig best sé að nota hann, það er þó margir sem sjá um heimili og annað slíkt eftir vinnu sem flokkast ekki beint sem frjáls tími. Í daglegu lífi eru skipulagðar íþróttir og tímstundir stór partur af lífi fólk. En hvað eru tímstundir? Tímstundir eru samheitið yfir frístundir, en það er meðvituð athöfn í okkar frítíma sem byggir á vali einstaklings. Þessi athöfn getur haft jákvæð áhrif á velferð okkar og lífsgæði en einnig skapað hin ýmsu tækifæri í lífinu. Tímstundir eiga sér oftast stað í frítímanum en ekki er þó allt sem gerist í frítímanum flokkað sem tímstundir (Ágústa Þorbergsdóttir, Eygló Rúnarsdóttir, Hulda Valdís Valdimarsdóttir og Jakob Frímann Þorsteinsson, 2019). Í frítímanum getum við verið að gera jákvæða og uppbyggjandi hluti eins og t.d. að skapa tónlist, hlusta á tónlist, stunda útivist og fara í leikhús. „Frítíminn er frelsi, frelsi til þess að gera það sem þú vilt gera hverju sinni án nokkura kvaða og á þeim forsendum sem þú kýst“ (Árni Guðmundsson, 2017). Það er hægt að fara á mis við hugtakið tímstundir og halda að neikvæðir hlutir eins og notkun vímuefna, óhóflegt magn áfengis, niðurbriótandi hegðun o.s.frv. en það flokkast ekki sem tímstundir þrátt fyrir að einstaklingur sé að fá ánægju út á það samkvæmt íslenskir skilgreiningu (Ágústa Þorbergsdóttir, Eygló Rúnarsdóttir, Hulda Valdís Valdimarsdóttir og Jakob Frímann Þorsteinsson, 2019).

Hægt er að fara út í miklar rökræður um þetta og hefur oft verið erfitt að setja nákvæman ramma á það hvað séu tímstundir og hvað ekki þar sem það er einstaklingsbundið. Líkt og Vanda (2010) talar um að þá væri hentugast ef að það væri til erlend skilgreining á hugtakinu tímstundir, en það er þannig erlendis eins og hér heima að ekki er til nógu sterk skilgreining á hugtakinu tímstundir. En þrátt fyrir alla þessa ónákvæmni er mikilvægt að halda í þetta hugtak og skilgreina hversu erfitt sé að skilgreina það en á sama tíma hjálpa öðrum að nálgast það á réttan hátt.

Til að setja nákvæmari mynd á skilgreininguna hvað tímstundir eru sem frjáls eða skipulagður frítími einstaklinga er gott að skoða skilgreiningar á öðrum hugtökum eins og Leitner og Leitner (2012) setja fram:

Vinna er skyldutími þar sem er föst skuldbinding en tómstundir eru frjáls tími og getur verið engin skuldbinding.

Persónuleg umönnun er tími sem fólk eyðir í að huga að heilsu sinni, þó að tómstundir séu einnig nauðsynlegar fyrir velferð einstaklinga eru persónulegar grunnþarfir mannsins ekki flokkaðar sem tómstundir.

Þarna hafa Leitner og Leitner (2012) strax komið ákveðni hugmynd fyrir um það hver munurinn á þessum hugtökum er. En síðan geta hlutirnir orðið flóknari. Hvað með t.d. atvinnumenn í íþróttum, listamenn og þjálfara? Getum við flokkað suma vinnustarfsemi sem tómstundir? Svárið við því er nei en fólk getur haft ánægju af starfi sínu og vinnu en það flokkast þó ekki sem tómstund (Leitner og Leitner, 2012).

2.1 Tómstundamenntun

Mikilvægt er að skoða hvað tómstundamenntun er og af hverju hún er mikilvæg.

Tómstundamenntun kennir fólki á það hvernig hægt er að nýta frítímann sinn, með auknum lífsgæðum á uppbyggjandi hátt. Margir fræðimenn hafa sett fram sína skoðun á því hvernig hægt er að skilgreina tómstundamenntun. Hægt er að segja í stuttu máli að niðurstaða þeirra sé sú að það verða jákvæðar breytingar, meiri þekking, hvatning og betri skilningur á tímstundum með þessari menntun. Þetta er ákveðið þroskaferli og áherlsa er lögð á lífsgæði einstaklinga. Tómstundamenntun hefur einnig aukið félagsfærni, tímstundafærni, betri tímastjórnun og meiri þekkingu á tímstundum. Innri hvatning til þess að stunda tómstundir eykst og ábyrgðin sem fólk tekur á sínu lífi getur aukist. Rannsóknar hafa einnig sýnt að tómstundir og tómstundamenntun hafa jákvæð áhrif á hópa eins og fíkla, fatlaða, vandræða unglunga og aldrað fólk. Tómstundamenntun er ferli, námskeið eða annað slíkt sem einstaklingur lærir til að nýta frítíma sinn (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2014).

Það eru ekki allir sem kunna að nýta frítímann sinn og gera sér ekki grein fyrir því hvað hver og einn einstaklingur eyðir miklum tíma í frítíma. Þess vegna er mikilvægt að fólk öðlist þekkingu og færni í því hvernig hægt er að nýta frítímann sinn sem best. Það er ekki meðfætt hjá okkur að kunna að nýta frítímann okkar. Fólk fer í skóla til þess að læra, heima hjá okkur og í samfélaginu lærum við síðan ákveðin viðmið og gildi en sjaldan hvað sé best að gera í frítímanum. Tómstundamenntun getur verið í óformleg eða formleg (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2014).

3 Félagsmiðstöðvar

„Félagsmiðstöðvar eru menntasetur, þó ekki í þeim skilningi að þar fari fram formlegt nám” (Árni Guðmundsson, 2007). Félagsmiðstöðvar hafa verið starfræktar á Íslandi í fjölda mörg ár og þjóna þær börnum og unglingum frá aldrinum 10 ára upp í 16 ára. Það sem börn og unglingar læra helst í félagsmiðstöðvum er virk þátttaka og lýðræðisleg vinnubrögð ásamt því kynnast nýju fólki og efla félagsfærni sína (Árni Guðmundsson, 2007).

Samfés eða samtök félagsmiðstöðva á Íslandi skilgreina félagsmiðstöð eins og hún er þekkt í dag sem afdrep fyrir unglinga sem þau geta eytt sínum frítíma. Hlutverk félagsmiðstöðva er að stuðla að sjálfstæði í verki og samskiptum ásamt því að efla jákvæða þroska unglinga sem getur gert þau að sjálfstæðum einstaklingum, með þeim hætti er verið að þjálf þau til að vera hæfari til að takast á við lífið (Samfés, e.d.). Mætti líka segja að Félagsmiðstöðvar séu ákveðinn öryggisventill sem miðar að ákveðnu eftirliti og fyrirbyggir að börn og unglingar fari út á villigötur (Árni Guðmundsson, 2007).

3.1 Mikilvægi félagsmiðstöðva

Það má segja að innan veggja félagsmiðstöðva fari fram óformlegt nám eða óformleg menntun. Það hefur margoft verið rætt um það hvað félagsmiðstöðvar eru mikilvægar og hvað þær geta haft breytileg áhrif á líf barna og unglinga. Félagsmiðstöðvar bjóða upp á uppbyggilegt starf fyrir börn og unglinga á aldrinum 10 - 16 ára og er það þeirra hlutverk að veita þeim bestu tækifærin í leik, menntun og frístundastarfi (Reykjavíkurborg, 2019). Það á að standa til boða fyrir þau starf sem að hefur menntunar-, forvarnar og uppeldisgildi sem stefnu og tekið sé mið af því hvað þau eru gömul og hvar þau eru stödd í sínu þroskaferli, og með því er áhersla lögð á að virkja þátttöku þeirra í mannréttindum, reynslunámi og lýðræði (Reykjavíkurborg, 2019). Mikið er um óformlegt nám innan veggja félagsmiðstöðva þar sem börnin og unglingar læra að haga sér í ákveðnum aðstæðum, móta sjálfan sig sem persónur og læra á hvernig unglingalýðræði virkar. Allir vita hvað formlegt nám er og er það gott því auðveldara er þá að útskýra hið óformlega nám. Óformlegt nám á sér stað meðvitað og ómeðvitað, það byggist að mestu leyti á eigin athöfnum, ígrundun og samskiptum við aðra. Þetta nám getur átt sér stað hvar sem er. Óformlegt nám hefur verið stór partur af samfélaginu og menntun barna og unglinga í starfi æskulýðsmála, skólagöngu, félagsstarf, íþróttar og mörgu fleira en þrátt fyrir það hefur því ekki verið gefin nægilega mikil athygli

(Jeffs og Smith, 1990). Hvað er það þá sem starfsfólk félagsmiðstöðva gerir? Það talar við börn og unglingana, myndar tengsl, hjálpa ungu fólki að leyfa rödd sinni að skína og mynda sér skoðanir (Batsleer, 2008). Félagsmiðstöðvar og starfsfólk þeirra eru að hvetja unglinga áfram í unglíngalýðræði en einnig að kenna þeim á óformlegan hátt á lífið, tilveruna og undirbúa þau fyrir mismunandi lífsreynslu með innihalds miklum samræðum, ábendingum og góðum fyrirmyndum. Það eru ekki bara börn og unglingarnar sem að hagnast að þessum samræðum heldur einnig starfsfólkið, báðir aðilar geta því lært eitthvað nýtt og skapað góðar samræður, viðhorf og betri lífsgæði (Batsleer, 2008).

Það bendir allt til þess að það sé eitthvað sérstakt við þetta óformlega nám sem á sér stað og er hægt að segja það sé gagnlegur upphafspunktur til þess að nýta sér í daglegu lífi. Starfsfólk þarf þó að vera fagfólk í sínu starfi, með vel mótaða sjálfsmynd til að geta kennt börnunum og unglingunum að fara eftir þeim viðmiðum og gildum sem að samfélagið er búið að móta en á gagnrýnin hátt til frekara náms (Jeffs og Smith, 1990). Þótt að hér sé verið að ræða um óformlegt nám tengt börnum og unglingum er það þó þannig að við erum alltaf að læra eitthvað nýtt í gegnum óformlegt nám langt um aldur fram (Batsleer, 2008).

3.1.1 Starfshættir í félagsmiðstöðvum

Það er mikill misskilningur þegar talað er um að auðvelt sé að vinna í félagsmiðstöð og þetta sé nú aðeins eintómt hangs og verið að leika sér. Vissulega er þetta rólegt og verið að leika sér en það er samt svo mikið annað á bakvið starfsfólkið og þá starfshætti sem að eiga tíðkast inn í félagsmiðstöðvum. Samtök félagsmiðstöðva á Íslandi eða Samfés eins og þau eru kölluð setja saman mjög mikilvæg tilmæli til sinna aðildarfélaganna um það hvernig starfshættir eigi að vera. Samfés og þeirra aðildafélagar eiga að starfa eftir 1. gr. æskulýðslaga og bjóða upp á opið og skipulagt æskulýðs- og tómstundastarf skv. 3. gr laga Samfés (e.d.). Tilmæli Samfés (e.d.) eru þau að kröfur séu gerðar á reynslu eða menntun á sviði frítímans og þá aðallega hjá yfirmanni. Tveir starfsmenn skulu vera á vakt í félagsmiðstöðinni og allir þurfa að vera með hreint sakavottorð (Samfés, e.d.). Samstarf milli skóla og félagsmiðstöðvar með því tilliti þó að þetta sé aðgreint starf og að jafnt aðgengi sé fyrir alla. Unglíngalýðræði á að viðgangast inn í félagsmiðstöðinni og krafa gerð að þar starfi unglingaráð eða annað sambærilegt lýðræði fyrir unglingana (Samfés, e.d.). Það var um 1980 sem að unglíngalýðræði fór að ryðja sér rúms í félagsmiðstöðvum og þá var hugmyndin sú að auka áhrif unglingana á starfseminu (Árni Guðmundsson, 2007). Það var þó ekki fyrr en 1985 sem

unglingalýðræðið var innleitt en hafi þetta verið tímamót í starfi félagsmiðstöðva og þarna var komin ábyrgð fyrir unglíngana sem hafði jákvæð áhrif á þau (Árni Guðmundsson, 2007).

Tilgangur Samfés (e.d.) með þessum tilmælum er sá að þau vilja efla og auka þau gæði sem að starf félagsmiðstöðva er og að starfið sé eftir ákveðnum forvarnar og uppeldis sinnuðum markmiðum.

4 Fagmennska

Fagmennska er ákveðin starfshæfni og viðhorf sem að byggist á sérþekkingu starfsgreinarinnar og unnið er með siðferðilegar reglur. Fagmennska felur í sér vilja og hæfni til þess að fylgja bestu starfsháttunum, rökstyðja og taka sjálfstæðar ákvarðanir í starfi. Verkin eru unnin heiðarlega og ekkert er fyrir lokuðum tjöldum. Ábyrgð og traust eru mikilvægir liðir í fagmennsku og á þeim fagvettvangi sem að unnið er á. Þegar kemur að fagmennsku er mikilvægt að hafa gæði, en erfitt er að segja til um hvað eru gæði og hvað ekki, þar sem fólk hefur misjafnar skoðanir, viðmið og gildi. Eins með vinnustaði, þar eru misjafnar reglur, áherslur og umhverfi. Síðan eru til samfélagsleg viðurkennd störf og mikilvægi þeirra. Þessi viðurkenndu störf eru meðal annars læknar, lögfræðingar og prestar. Á þessum fagvettvangi veit fólk nákvæmlega að hverju er gengið í gæðum og fagmennsku. En hvers vegna skyldi vera almennt samkomulag um mikilvægi þessara gæða? Hvers vegna ríkir samfélagsleg viðurkenning á mikilvægi þeirra? Svarið við þessum spurningum liggur í því að þessi gæði eru ekki bara eitthvað sem fólk óskar sér eða langar í heldur eitthvað sem allur þorri fólks telur sig hafa þörf fyrir (Ólafur Páll, 2016). Það er mikið til í þessu hjá Ólafi og þurfa allir á lækni að halda en ekki allir þurfa á kokk á veitingastað að halda. Liggur því þar munurinn á gæðum milli fagstétta og mikilvægi þeirra.

Gott er að horfa á gildi Vinnueftirlitsins (á.á.) til að sjá dæmi um það hvað sé fagmennska í starfi og fara eftir þeim gildum:

- Starfsmenn byggja starf sitt á nýjustu þekkingu á fagsviðum vinnuverndar, gögnum um starfstengt heilsutjón og upplýsingum um stöðu og þróun íslensks atvinnulífs.
- Starfsmenn tileinka sér verklags- og vinnureglur, afla sér þekkingar og leita aðstoðar samstarfsfólks eins og með þarf til að geta unnið störf sín af fagmennsku.
- Starfsmenn hafa gagnsæi, heiðarleika og gagnkvæmt traust að leiðarljósi í störfum sínum.

Mikilvægt er að skoða þær siðareglur sem eru til þegar kemur að faglegum vinnubrögðum, Félag fagfólks í frítímaþjónustu samþykkti siðareglur í maí 2009. Leiðarljós þeirra var að „Grundvöllur starfs fagfólks í frítímaþjónustu er virðing fyrir manngildi og sérstöðu hvers einstaklings og trú á getu hans til að nýta hæfileika sína til fulls“ (Félag fagfólks í frítímaþjónustu, 2009). Með aukinni menntun og þekkingu starfsfólks á sviði tólmstunda eru

gæði og fagmennska að aukast, þá verða til fólk með þá menntun á því sviði (Árni Guðmundsson, 2014). Þegar horft er til félagsmiðstöðva og fagmennsku þarf starfsfólk að hafa fjölbreytta hæfni. Lykilatriðin í þeim efnum er að vera með góða samskiptafærni og vel skipulagður, það þarf að sýna frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð á faglega hátt (Reykjavík, 2019). Til þess að halda fagmennsku og ákveðnum klassa yfir starfinu er það æskilegt að fólk sé menntað eða með góða reynslu af starfi þegar það sækir um stöðu innan félagsmiðstöðva.

5 Hópar

Það er út um allt sem við erum innan hóps, við getum verið í mörgum hópum eða fáum hópum en í flest öllum tilvikum tilheyrum við einhverjum hópi. Við eigum líka í stöðugum samskiptum við fólk innan margvíslegra hópa og því er mikilvægt að skilgreina hvað hópur er. Hópur (e. *group*) er skilgreindur sem samansafn af fólki sem er meðvitað um að það tilheyrir ákveðnum hóp eða sömu heild (Haukur Ingi Jónasson og Helgi Þór Ingason, 2012). Hópar sem fólk er í geta verið mjög mismunandi og oft áttar fólk sig ekki á að það tilheyrir fleiri hópum, en hópar eru t.d. fjölskyldur, íþróttafélög, tengslasvæði á netinu, félagasamtök, faghópar, vinnuhópar og svo margt fleira (Haukur Ingi Jónasson og Helgi Þór Ingason, 2012). Þegar kemur að hóp er misjafnt hversu mikil tengingin er á milli einstaklinga og einnig misjafnt hvernig fólk metur sig í hverjum hópi fyrir sig og hvort einstaklingurinn finnst hann tilheyra hópnum eða ekki.

Hópur verður til þegar tveir eða fleiri einstaklingar tengjast saman félagslega á einn eða annan hátt og getur hópur verið allt frá tveimur og upp í þúsundir en meðaltalið er þó oftast lítið eða um tveir til sjö einstaklingar í hóp (Haukur Ingi Jónasson og Helgi Þór Ingason, 2012).

Það verkfæri sem að félagsmiðstöðvar nota hvað mest er hópurinn (Árni Guðmundsson, 2007). Í félagsmiðstöðvum eru margir mismunandi hópar sem að myndast og eitt helsta verkfæri starfsfólks er að nota hópinn á uppbyggilegan hátt, einnig að mynda hóp með því að taka saman nokkra einstaklinga. Flestum finnst gott að tilheyra hóp en það eru ekki allir sem vita hvernig á að komast inn í hóp eða haga sér innan hópsins.

5.1 Hópastarf

Það er hægt að skilgreina hópastarf á marga vegu og margir fræðimenn skilgreint það á misjafnan hátt. Hópastarf í stuttu máli er starf sem krefst þess að þeir sem taka þátt komi saman og séu að vinna að verkefni eða markmiði í sameiningu. Hópastarf getur verið af ýmsum toga og sérstaklega gott að tengja hópastarf inn í tómsundastarf og þá aðallega inn í félagsmiðstöðvum. Hópastarfið er notað til þess að vinna með hópinn og einstaklingana í hópnum. Það er mikilvægt að sá sem stýrir hópastarfinu sé faglegur í sínu starfi og sé með sömu markmið og hópurinn.

Hópastarf inn í félagsmiðstöð má skipta niður í þrjá megin flokka það er klúbbastarf, opið starf/opið hús og afþreying eða samkomuhald (Árni Guðmundsson, 2007). Fyrir starfsfólk félagsmiðstöðva er auðvelt að skilja hvað meint er með þessum þremur þáttum og þegar sagt er „*það er opið hús í kvöld*“ við unglingana skilja þau hvað átt er við. En fyrir almennan aðila er þetta ekki. Opið hús þýðir það að félagsmiðstöðin er opin fyrir alla sem vilja mæta og engin sérstök dagskrá í gangi heldur mega þau koma og gera það sem þeim langar og félagsmiðstöðin hefur uppá að bjóða. Síðan er hægt að vera með skipulagt hópastarf í formi klúbbastarfs en þar hefur hópur myndast eða verið búinn til þar sem einstaklingar hafa sama áhugamál eða tólmstundir og mynda þá klúbb sem að hittist t.d. vikulega og gerir eitthvað saman t.d. mótorkrossklúbbur, þar er horft á keppnir, lært á hjólin, rætt saman um mótorkjól og síðan farið að hjóla saman. Það er mikið um hópa innan félagsmiðstöðva og er það góður grundvöllur fyrir hópa til þess að myndast, hittast og nýta sér starfið.

5.2 Sérþækt hópastarf

Eins og nafnið gefur til kynna er sérþækt hópastarf fyrir einstaklinga sem eru sérstaklega valdir saman í hóp til þess að vinna að einhverju sérstöku (Ágústa Þorbergsdóttir, Eygló Rúnarsdóttir, Hulda Valdís Valdimarsdóttir og Jakob Frímann Þorsteinsson, 2019). Sá sem setur hópinn saman er oftast ekki hluti af hópnum en sá aðili er oft tengdur hópnum t.d. þjálfari íþróttaliðs, starfsmaður í félagsmiðstöð, námsráðgjafi eða eitthvað slíkt. Í sérþæka hópastarfinu er fyrirfram ákveðið hvað þarf að vinna með eða þjálfa upp, það er gott að safna saman upplýsingum um hópinn til þess að vita hvernig einstaklinga er unnið með og hvernig hópurinn er saman. Mikilvægt er að hafa hópastarfið þannig að það henti öllum á einhvern hátt. Hópastarfið getur þó verið mismunandi eftir því hvernig hóp er unnið með hverju sinni en dæmi um sérþækt hópastarf er félagsfærni, leiðtogaþjálfun, fyrirbyggja einelti, sjálfstyrking, stuðningur við einstaklinga í áhættuhóp og hjálpa við samskiptafærni. Það hefur einnig sýnt sig að hópaskipta eftir kyni hafi góð og gagnleg áhrif (Gladding, 2008).

5.2.1 Félagsfærni

Þjálfun í félagsfærni hefur aukist mikið síðustu tvo áratuginna og hefur það mikið verið notað til þess að bregðast við félagslegri skerðingu hvað varðar börn og unglinga með ADHD en það hefur þó líka verið notað til að hjálpa þeim sem eiga við félagsleg vandamál að stríða (Mikami, Jia og Na, 2014). Til er ákveðið hefðbundið form af félagsfærni (*e. social skills training- SST*) og byggist hún á þeirri fræði að börn og unglinga skortir grunnfærni í

félagslegum aðstæðum (Mikami, Jia og Na, 2014). Það getur sýnt sig á mjög mismunandi hátt en kemur það oft fram í truflandi hegðun og aukinni vanlíðan sem getur leitt til þess að þau fari út í slæman félagsskap eða jafnvel drykkju og vímuefni. Þess vegna er mikilvægt að veita börnum og unglingum sem þess þurfa kennslu á því hvernig hægt er að bæta sig í félagslegum aðstæðum. Það er hægt að gera með hálfgerðri kennslu eða æfingum í námskeiðsformi. Efnið sem er þjálfað er í félagsfærni er breytilegt eftir hverri viku en viðfangsefnið er þó alltaf að beinast að því að veita börnunum þekkingu á félagslegum aðstæðum, persónulegum styrkleikum og hvernig best sé að haga sér í mismunandi aðstæðum og talið er að börnum skorti (Mikami, Jia og Na, 2014). Hægt er að vinna með félagsfærni í svokölluðu hálf-formlegu námi en þannig nám á sér stað víða í samfélaginu. Þegar kemur að hálf-formlegu námi er oft ekki talað um kennara heldur þjálfara, þar sem að það er verið að þjálfa upp einstakling eða einstaklinga en ekki kenna þeim beint eins og formlegt nám er. Hálf-formlegt nám er að einhverju leyti skipulagt og sett fram með ákveðnum markmiðum (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2017.) En eins og Kolbrún (2017) talar um er það í höndum leiðbeinanda að vera í stýrandi hlutverki og fá krakkana til þess að vera sjálfstæð og vinna að ákveðnu markmiði. Í þessu tilviki var nýsköpun á vettvangi að búa til hálf-formlegt nám í búningi námskeiðs til að efla félagsfærni og með áherslu á annars stig forvarnir. Í slíku starfi er ekki verið að fylgja kennsluáætlun eða gefin einkunn í lokin (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2017), heldur eiga krakkarnir að sjá breytingar hjá sjálfum sér og finna fyrir aukinni vellíðan og öryggi í félagslegum aðstæðum.

5.2.2 Forvarnir

Það gleymist oft að hugsa um forvarnir þegar vel gengur en síðan allt í einu er allt komið á hvolf vegna einhverra breytinga eins og t.d. covid gerði þetta árið. Forvarnir eiga að vera fyrirbyggjandi og hjálpa til en oft eru forvarnir að snúast um að hræða. Forvarnir eiga að beinast að þáttum sem bæta heilsu og auka velferð hjá breiðum hópi einstaklinga (Ágústa Þorbergsdóttir, Eygló Rúnarsdóttir, Hulda Valdís Valdimarsdóttir og Jakob Frímann Þorsteinsson, 2019). Annars stigs forvarnir tel ég vera með þeim mikilvægustu, því að þá ertu búinn að styrkja einstaklinginn andlega og persónulega og þá á hann eða hún auðveldara með að takast á við lífið. Reynsla erlendis hefur sýnt það að formlegar forvarnir séu eitt en nægi ekki til þess að halda niðri neyslu áfengis og fíkniefna en óformlegar forvarnir sem

felast í venjum, viðhorfi og siðum fólks getur vegið þungt þegar kemur að áfengis- og fíkniefnamálum (Árni Einarsson og Guðni R. Björnsson, 2001).

Að virkja ungmenni sem jákvæða persónu, leiðtoga og aðila sem geta tekið ákvarðanir getur hjálpað til við að tryggja að forvarnir og samfélagsþróun sé vel samstillt með rétttri forgangsriðun og þörfum (Martinez, Richards-Schuster, Teixeira, og Augsburg, 2018).

„Líta verður á forvarnir sem tæki samfélagsins til þess að koma á breytingum eða ástandi sem talið er æskilegt“ (Árni Einarsson og Guðni R. Björnsson, 2001). Besta leiðin til þess að tryggja góðar forvarnir er að gera það í þágu almennings og samfélagsins og þess vegna eru forvarnir oftast byggðar í gegnum félagasamtök sem eru ekki með rekstrarhagnað að markmiði heldur hagnað þeirra sem þurfa á forvörnum að halda (Árni Einarsson og Guðni R. Björnsson, 2001). Það er óhugnanlegt að hugsa út í það hversu auðvelt það er fyrir börn og unglunga að nálgast áfengi nú til dags. Samfélagsmiðlar og snjallforrit eru bein og greið leið fyrir þau til þess að nálgast áfengi og vímuefni og hefur heimsfaraldurinn ekki hjálpað í þessum málum þar sem að aukning er á drykkju unglunga árið 2020. Einn liður í þessum forvörnum er að vekja athygli almennings á velferðarmálum barna og unglunga og má þá nefna þá baráttu sem að félagsmiðstöðvar eru í gegn einelti, ofbeldi, vímuefnum, drykkju og annarri óæskilegri hegðun (Árni Guðmundsson, 2007). Félagsfærni tímar ættu að geta styrkt þau til þess að taka réttar ákvarðanir í lífinu og gott að nota þá tíma eða námskeið sem annars stigs forvarnir.

6 Félagsmiðstöðin Ból

Mosfellsbær er sjöunda stærsta bæjarfélagið á Íslandi og þar má finna félagsmiðstöðina Ból. Félagsmiðstöðin Ból sinnir um 1.136 börnum og unglingum frá 5. - 10. bekk og hefur hún verið starfræk síðan 30. desember 1983. Bólið er með tvö útibú, eitt við Lágafellsskóla, Lágó Ból og annað við Varmárskóla, Varmá Ból. Einnig mun opna nýtt útibú við Helgafellsskóla þegar opnuð verður unglingadeild þar næsta skólaár.

Félagsmiðstöðin Ból er með opið alla virka daga frá klukkan 8:00 til 16:00 í báðum útibúum og öll kvöld frá klukka 19:30 - 21:45 en þeim kvöldum er skipt á milli Lágó Bóls og Varmá Bóls. Lítið er um fast klúbbastarf en í staðinn hefur félagsmiðstöðin í samstarfi við grunnskólana boðið upp á valfög sem kennd eru í Bólinu, til að nefna eru það t.d. kjaftað um kynlíf, hönnun og textíl, leiklist og Stattu á þínu (*sjálfstyrkingarnámskeið Bellanet fyrir ungar stelpur*). Dagskrá Bólsins er gefin út fyrsta hvers mánaðar og alltaf nóg um að vera á kvöldin. Lítið hefur þó verið um stóra viðburði þetta skólaárið sökum aðstæðna í samfélaginu.

Í félagsmiðstöðinni eru 17 starfsmenn í 5,6 stöðugildum sem skiptast í forstöðukonu sem er í 87,5% stöðu, verkefnastjóri í 40% stöðu og önnur stöðugildi eru hlutastörf sem skiptast á milli starfsmanna í hlutastarfi sem frístundaleiðbeinendur.

6.1 Undanfari

Það vakti athygli starfsfólks Bólsins þegar niðurstöður frá Rannsókn og greiningu sýndu að unglingar voru úti eftir að útivistartíma lauk og einnig úti eftir miðnætti. Niðurstöðurnar sýndu að unglingar í Mosfellsbæ voru að drekka, fíkta við vímuefni og andleg líðan almennt ekki nægilega góða. Rannsókn og greining (e.d.) gera árlega rannsóknir á ungu fólki sem eru þýðisrannsóknir en í því felst að þær eru ekki byggðar á hefðbundum úrtökum heldur eru verið að reyna ná til sem flestra, það er gert með því að gera spurningalista fyrir alla nemendur sem mæta í skólann á þeim degi sem að rannsóknin er lögð fyrir. Lykiltölur í Mosfellsbæ úr rannsókn sem gerð var í október 2020 sýndu að 11,3% nemenda í 10. bekk höfðu verið ölvaðir síðasliðna 30 daga og aðeins 26,6% sögðu andlega heilsu sína vera mjög góða (Rannsókn og greining, 2020).

Í framhaldi af þessum niðurstöðum var kallað til fundar forvarnarteymis Mosfellsbæjar og farið að vinna markvisst í að bæta ástandið. Í forvarnarteyminu eru tólmstunda- og forvarnarfulltrúi Mosfellsbæjar, starfsmaður Barnaverndar Mosfellsbæjar, deildarstjórar og námsráðgjafar skólana og forstöðukona og verkefnastjóri Bólsins.


Niðurstöðurnar sýndu það greinilega að ganga þyrfti í málið en með margvíslegum hætti. Eitt af því sem ákveðið var að fara af stað með væri sértækt hópastarf fyrir 8. bekk í Mosfellsbæ, markmiðið var að reyna að fyrirbyggja áhættuhegðun og styrkja unglingana sem einstaklinga og hóp. Til þess að framkvæma þetta þurfti að vinna náið með grunnskólunum en ekki var vitað á þessum tímapunkti hvernig það myndi vera útfært.

6.2 Samstarf skóla og félagsmiðstöðva

Samstarf milli skóla og félagsmiðstöðva er mjög mikilvægt, það er ekki þannig allstaðar að skóli og félagsmiðstöð vinni náið saman eins og í Mosfellsbæ. Forstöðukona og verkefnastjóri eru í nánnum samskiptum við bæði námsráðgjafa og deildarstjóra eldri deilda. Samstarfið gengur út á það að vinna saman með hag barna og unglinga að leiðarljósi. Skólarnir hafa það fram yfir félagsmiðstöðvar að vita bakgrunn unglingana og sjá einnig hvernig hegðun þeirra og líðan er inn í skólanum, bæði með samtölum, könnunum og samskiptum við foreldra. Það er eitthvað sem félagsmiðstöðvar hafa ekki og því gríðarlega mikilvægt að félagsmiðstöðvar og skólar vinni náið saman til þess að samnýta krafta sína. Félagsmiðstöðin Ból, Lágafellsskóli og Varmárskóli í Mosfellsbæ hafa síðustu ár verið í góðu samstarfi en tók það nýja stefnu í heimsfaraldrinum.

Það tekur á að breyta skipulagi skóla í heimsfaraldri og fara eftir þeim reglum sem settar voru. Í því ástandi sem myndaðist í lok nóvember 2020 var erfitt að halda unglingum jákvæðum og glaðlyndum þar sem þeir þurftu að vera inn í sömu stofunni með grímu á sér frá 8:10 til 11:30 alla virka daga. En þarna var kjörið tækifæri fyrir skólann að auka enn frekar samstarfið við Bólið og bjóða upp á sértækt hópastarf á skólatíma. Vitað var að það þyrfti að bæta ástandið vegna stöðunnar í þjóðfélaginu og einnig að vinna með unglingana í Mosfellsbæ og var Bólið tilbúið í enn nánara samstarf. Ákveðið var að einblína á 8. bekk þar sem að þau voru farin að sýna áhættuhegðun, suma skorti félaglseg tengsl innan bekkjarins, aðrir voru að glíma við hegðunarvandamál og vinna þurfti með bekkjarmeninguna.

Samstarfið var eins og áður hefur komið fram unnið náíð með deildarstjóra og námsráðgjafa. Námsráðgjafi lagði fyrir kannanir sem gefa upp tengslarit (e. sociogram) en það greinir félagsleg tengsl innan hóps og samskipti þeirra. Það var mikilvægt að sjá það rit og greina helstu niðurstöður fyrir sértæka hópastarfið, þannig var hægt að vita nánar hvað vinna þurfi með og hvort það var möguleiki á einelti, félagslegri einangrun o.s.frv. Dæmi um tengslarit má sjá hér á mynd 1 en út frá þessum niðurstöðum tengslaritsins er hægt að sjá tvo áberandi leiðtoga innan bekkjarins, bæði fá þau fjóra nemendur sem segjast vera vinir þeirra. Einnig er greinilegt hvernig vinahóparnir skiptist niður í



Mynd 1. Tengslarit (e.sociogram)

bekknum og voru það í kringum fjórir hópar og mikið kynjaskipt. Bláu hringirnir eru strákar og stelpur eru grænu. Með því að fá svona rit gefur það ákveðna mynd af hópnum og auðveldar skilning á því sem er að gerast innan bekkjarins.

En án þessa samstarfs hefði verið erfitt að búa til sértæka hópastarfið með réttum hópnum og réttum gögnum til þess að vinna að. Það sem gerði þetta líka einfaldara er að allt starfið var framkvæmt á skólatíma þegar allir eru í skólanum.

6.3 Framkvæmd

Framkvæmd átti sér stað út í Ból frá 24. nóvember 2020 til 21. apríl 2021. Framkvæmdin tengdist vettvangsnámi tvö í þessu tiltekna námi. Í samráði við deildarstjóra og kennara var ákveðið að skipta upp öllum þeim 8. bekkjum sem komu á örnámskeiðið í stelpu og stráka hópa þar sem það var hægt. Ástæðan fyrir skiptingunni var fjöldinn, en betra er að vinna með færri í einu og hægt að leyfa öllum einstaklingunum að tjá sig. Hver hópur kom í félagsmiðstöðina í þrjú til fjögur skipti í þrjá klukkutíma í senn. Samtals voru þetta sex bekkir sem komu á örnámskeið í félagsfærni. Foreldrar voru meðvitaðir um námskeiðið og fengu upplýsingapóst fyrir og eftir þar sem gert var grein fyrir þeim æfingum og vinnu sem unglingarnir þeirra tóku þátt í. Mikilvægt er að foreldrar væru upplýstir til að geta unnið

áfram með unglingunum sínum þar sem að örnámskeiðið var ekki að fara breyta þeim á nokkrum klukkustundum og því gott fyrir foreldra að sjá og vinna með heima fyrir það sem búið var að ræða og gera í félagsmiðstöðinni.

6.4 Örnámskeið í félagsfærni

Framkvæmd á örnámskeiðinu gekk vel fyrir sig og virtust þátttakendur ánægðir með tilbreytingina og æfingarnar, ekki var þó gerð könnun á viðhorfi þeirra. Félagfærni snýst um að eiga jákvæð og góð samskipti við aðra og er það ekki sjálfgefið verkfæri heldur hlutur sem þarf að æfa sig í og ígrunda um. Stuðst var við bækurnar *Samskiptafærni: samskipti, hópar og teymisvinna* og *Leiðtogafærni: Sjálfsskilningur, þroski og þróun* (Haukur Ingi Jónasson og Helgi Þór Ingason, 2012; 2011) við undirbúning á örnámskeiðinu ásamt reynslu úr námi, starfi og Bellanet námskeiði. Bellanet er leiðbeinendanámskeið sem ætlað er þeim sem halda utan um hópastarf unglunga og er með áherslu á forvarnir. Hópastarfið snýst um að styrkja sjálfsmýnd og sjálfsvirðingu með hliðsjónum til forvarna gegn slæmri andlegri heilsu og áfengis og vímuefna notkun (Barnaheill, e.d.). Uppbygging örnámskeiðsins sækir fræðin sín umtalsvert í nám tólmstundafræðinnar og hefur það að leiðarljósi að vera mikið um samræður, virðingu og skoðanir. Allt er ígrundað vel og skoðað frá mismunandi sjónarhornum. Lykilorð örnámskeiðs voru bekkjarmenning, viðhorf, virðing, leiðtogar, sjálfstraust og persónueinkenni.

7 Aðferðafræði

„Rannsóknir eru gerðar til þess að finna sjónarhorn á veruleikann“ (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003). Það er þó hægt að fara hinar ýmsu leiðir að því. Höfundur ákvað að gera eiginlega rannsókn þar sem sú rannsókn byggist hvað mestu af upplifun einstaklinga (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003). *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson, 2003) var notuð til uppbygginga á spurningum og aðferðafræði.

Tilgangur þessarar rannsóknar er að varpa ljósi á rannsóknarspurninguna: Hvernig virkar að nota sértækt hópastarf til að efla félagsfærni fyrir unglunga í Mosfellsbæ? og undirspurningin: Er samstarf skóla og félagsmiðstöðva mikilvægt þegar kemur að sértæku hópastarfi? Þar er verið að kalla eftir viðhorfi, upplifun og reynslu þeirra fagaðila sem að vinna með unglungum sem sóttu örnámskeið í félagsfærni veturinn 2020 - 2021. Farið verður yfir rannsóknaraðferð, gagnagreiningu, framkvæmd og þátttakendur.

7.1 Rannsóknaraðferð

Ákvörðun um að nota viðtöl sem gagnasöfnun var sú að talið var að það væri besta leiðin til þess að svara rannsóknarspurningunum sem settar voru fram. Viðtöl fela það í sér að rannsóknargögnum er aflað með samræðum við viðmælanda og spurningum frá rannsakanda. Viðtöl eiga vel við þegar skoða á reynslu fólks þar sem að samræðurnar geta endurspeglad þekkingu, viðhorf og tilfinningar (Helga Jónsdóttir, 2003). Þau viðtöl sem tekin voru áttu að veita dýpri skilning inn í breytingar unglungana eða hvort engar breytingar hefðu orðið. Unglingunum var ekki tilkynnt um að kennarar eða stuðningsfulltrúar myndu vera tekin í viðtöl eftir tveggja til þriggja vikna tímabil eftir að örnámskeiði lauk.

Viðtölin voru bundin af opnum og hálfopnum spurningum, þar sem um eiginlega rannsókn var að ræða eru niðurstöður bundnar við skoðanir og viðhorf þátttakanda. Markmið viðtalana var að athuga hvort að breytingar hefðu orðið á unglungunum eftir örnámskeiðin og þá hverjar helstu breytingar hafi verið ásamt því að skoða hversu dýrmætt samstarfið væri á milli skóla og félagsmiðstöðva.

Þrátt fyrir að þessi viðtöl hafi skilað ákveðnum niðurstöðum er ekki hægt að alhæfa um niðurstöðurnar þar sem um lítinn hóp er að ræða. Margt er þó hægt að taka úr niðurstöðum viðtalanna.

7.1.1 Þátttakendur

Þar sem að um lítið viðfangsefni var að ræða var notast við hentugleikaúrtak. Það er gert til þess að ná utan um réttan hóp einstaklinga til að greina niðurstöðurnar. Auðvelt var að ná á viðmælendur og allir nema einn tilbúnir til að koma í viðtal. Það er þó ókostur á þessum viðtölum eins og komið hefur fram en það er vegna þess að um er að ræða viðhorf þátttakenda og reynslu og ekki hægt að alhæfa þær niðurstöður yfir allt.

Þátttakendur í þessari rannsókn voru tveir deildarstjórar, fjórir kennarar og tveir stuðningsfulltrúar sem starfa í grunnskólum Mosfellsbæjar. Allir tengdust þeir þeim bekkjum sem komu á örnámskeiðið.

7.1.2 Framkvæmd

Viðtölin voru ýmist tekin í persónu eða í gegnum samskiptaforrit sökum heimsfaraldurs. Öll viðtöl voru hljóðrituð nema eitt. Framkvæmd gekk vel fyrir sig og voru viðmælendur jákvæðir fyrir því að koma í viðtal um tiltekið efni og allir meðvitaðir um að nota ætti viðtölin til úrvinnslu í BA lokaverkefni. Fyrir viðtölin var búið að búa til fyrirfram ákveðinn spurningalista en var hann þó opinn og hægt að fara í kringum viðtalsrammann. Mikilvægt er að nálgast þátttakendur á jákvæðann hátt, tímasetja viðtölin vel og að þátttakendur viti hvers er ætlað af þeim í viðtölunum (Helga Jónsdóttir, 2003). Virk hlustun er mikilvæg og með því er hægt að grípa ýmis viðhorf og fá dýpri skilning á þeim ásamt því að kinka kolli og vera virkur þótt að viðmælandinn sé að tala.

Viðtölin byrjuðu öll á léttum nótum og viðmælendur beðnir um að segja frá sjálfum sér, aldri, menntun, sinni stöðu og þeim helstu verkefnum sem þeir sinna. Hver spurningalisti var sniðinn að því hvaða stöðu viðmælandi tilheyrði. Hér má svo sjá helstu spurningarnar en heildar spurningalista má finna í viðauka 1.

1. Hvað var það í fari bekkjarins em neikvætt og þörf var á breytingu?
2. Hafðir þú trú á því að bekkjarmenningin gæti breyst?
3. Tókst þú eftir breytingum í fari unglínganna?
4. Ef svo er: Hverjar voru þær?
5. Hvert er þitt viðhorf til félagsmiðstöðvarinnar Bóls?
6. Hvernig metur þú samstarf skóla og félagsmiðstöðva?

7.1.3 Greining viðtala

Það er hægt að skipta upp gagnagreiningu á viðtölum í þrjú stig, fyrsta stigið er gagnagreining á meðan viðtali stendur, næsta á sér stað strax eftir viðtal og það þriðja er skrifað niður frá orði til orðs (Sóley S. Bender, 2003). Greining felst í því að draga öll þau gögn og lykilorð saman og flokka þau í ákveðin þemu, það er gert með því að skoða orðanotkun, algeng atriði og samhengi (Sóley S. Bender, 2003). Athuga þarf hvað örvaði umræðurnar og hvaða samhengi þær samræður voru í. Rannsakandi þarf að lesa margoft yfir viðtölin og einnig gott að hlusta líka til þess að greina réttu þemun og niðurstöðurnar.

Öll viðtöl nema eitt voru hljóðrituð og skrifuð niður orðrétt með athugasemdum rannsakanda. Einu viðtali var svarað og skrifað niður af viðmælanda sjálfum og sent á rannsakanda. Viðtölum var síðan skipt niður í töflu eftir þemu og voru þemun: jákvæðar breytingar, engar breytingar, jákvætt viðhorf, samstarf mikilvægt og bekkjarmenning.

8 Niðurstöður

Í þessum kafla verður farið yfir þær helstu niðurstöður sem að komu út úr viðtölunum.

Rannsóknin var lítil, aðeins átta viðmælendur og eftir stuttum tíma frá örnámskeiði og er því ekki hægt að alhæfa um niðurstöður en niðurstöðurnar geta þó gefið ákveðna sýn á breytingum eftir örnámskeiðið, ásamt því að sýna fram á viðhorf starfsfólks grunnskóla á samstarfi skóla og félagsmiðstöðva þegar kemur að sértæku hópastarfi.

8.1 Jákvæðar breytingar

Það var misjafnt eftir bekkjum hvort að þörf var á miklum breytingum eða ekki, því var spurt hvað það hafi verið í fari bekkisins sem var neikvætt til þess fá innsýn í hversu miklar breytingarnar hefðu orðið og einnig til að fá upplifun kennara og stuðningsfulltrúa á hegðun bekkisins og einstaklinga innan þess. Leytast var eftir því að koma á mynd hvernig hópurinn var til þess að sjá hversu miklar breytingar urðu og hvernig breytingar. Mikið gleðiefni var því að sjá og heyra að allir viðmælendur voru sammála um það að hafa séð breytingu á bekknum eftir að hafa komið á örnámskeiðið. Tveir viðmælendur sögðu þó að það væri mismikil breyting á einstaklingum innan bekkjarins og sumir sem væru ennþá í svipuðu fari. Allir viðmælendur voru sammála um hvað þetta hefði verið nauðsynlegt, bæði til þess að brjóta upp daginn þeirra og til efla þau á því þroskastigi sem þau eru. Helstu breytingar sem bæði kennarar og stuðningsfulltrúar voru sammála um en það var hegðunin. Sameiginleg dæmi voru: stilltari, báru meiri virðingu bæði fyrir sér og öðrum í kringum sig, kurteisari, minna um leiðinlegar athugasemdir til bekkjarfélaga, hlustuðu betur þegar talað var við þau, bekkjarandinn jákvæðari, aukin skilningur á líðan annarra og meiri vinátta en áður. „Það var magnað að sjá breytinguna á þeim, á þessum líka stutta tíma, en allt í einu voru þau farin að þakka fyrir tímann og aðrir kennarar fundu að það var ekki jafn stressandi að koma inn í bekkinn að kenna þeim“ (Alda Ágústsdóttir, munnleg heimild, 4. febrúar 2021). Sumir komu inn á það að stundum þurfti að minna þau á að detta ekki í sama farið en síðan voru aðrir sem héldu góðu jafnvægi alltaf. Það var einn kennari sem að minntist á það að hafa heyrt frá unglingunum sjálfum að þeim leið betur inn í bekknum og sögðu að þau væru meiri vinir en áður.

Allir voru sammála um hvað það væri gott fyrir 8. bekk að fara á þetta örnámskeið og talaði annar deildarstjórinn um að hún hefði viljað láta alla árganga í unglingadeild fara á

svona eða svipað námskeið. Sum voru ekki viss um að kennari myndi ná sama árangri og utanaðkomandi einstaklingur líkt og starfsmaður í félagsmiðstöðinni en það hefði hjálpað líklegast mest að komast í annað umhverfi en skólastofuna. Það var ekki hægt að greina neinn mun milli afstöðu fagstétta á meðal viðtalana, mjög svipuð svör var að fá frá bæði kennurum og stuðningsfulltrúum en þó var munur á því að kennara virtust vera með dýpri skilning á heðgun og voru búnir að greina bekkinn sinn nánar og vissu nákvæm vandamál á meðan stuðningsfulltrúar lýstu meira því sem væri á yfirborðinu og sjáanlegt.

8.2 Samstarfið

Allir viðmælendur sem spurðir voru út í samstarfið voru sammála um það að mikilvægt væri að skóli og félagsmiðstöð væru að vinna saman til þess að efla unglíngana og líka þar sem um misjafna starfskrafta er að ræða. Eins og annar deildarstjórinn orðaði svo skemmtilega „ég er bara hrædd um að þið hafið ekki nægan tíma því ég væri til í að dæla á ykkur fleiri bekkjum“ (munnleg heimild, 3. febrúar 2021). Deildarstjórar voru sammála um það að þær meta samstarfið mikils og vita að báðir aðilar hagnast á þessu samstarfi. Án samstarfsins hefði verið erfitt að framkvæma þetta verkefni þar sem að unglíngarnir fengu að sleppa við venjulegan skóladag og fara á örnámskeiðið, að öllum líkindum hefði ekki náðst jafn góð þátttaka ef þetta hefði verið valfrjálst fyrir utan skólatíma. Það sýnir það að samstarfið er mikilvægt því að „í stóra samhenginu skiptir þetta ekki námslega séð að kippa þeim úr tímum í nokkra daga þegar þetta skilar svona árangri“ (Alda Ágústsdóttir, munnleg heimild, 4. febrúar 2021). Þrátt fyrir að þau töluðu vel um samstarfið og hvað það væri mikilvægt voru ekki allir kennarar sem að vissu að Bólið væri tilbúið til þess að framkvæma svona hluti og taka til sín heilu bekkina á skólatíma. Stuðningsfulltrúar höfðu þó annað viðhorf þar sem að þeir aðilar höfðu sjálfir verið í Bólinu fyrir ekki svo löngu og vissu hversu gott og skemmtilegt starf væri í gangi þar. Einn kennarinn var þó frekar nýr og sagðist hreinlega ekki hafa vitað af okkur þarna úti en væri með allt annað viðhorf núna og hefði mikið álit á starfinu.

Flest allir voru sammála um að svona þjálfun væri best að hafa fyrir utan hefðbundan skólastofu þótt það væri á skólatíma og sumir einnig sammála um að ef rétt verkfæri væru notuð gæti kennari verið með svona örnámskeið en oft væri betra að fá manneskju sem er utanaðkomandi og þekkir unglíngana öðruvísi.

8.3 Samantekt

Þegar þetta allt er dregið saman er hægt að sjá hversu jákvæð viðbrögð komu frá öllum viðmælendum. Allir viðmælendur þökkðu kærlega fyrir að hafa fengið tækifærið á að senda bekkina á örnámskeiðið og voru ánægðir með breytinguna sem átti sér stað hjá þeim. Ég hefði verið til í að skoða líka hvernig unglíngunum fannst þetta og hvort þeir fyndu fyrir breytingunum bæði hjá bekknum og þeim sjálfum en því miður gafst ekki tími í það. Það fannst ekki öllum skemmtilegt að koma á þetta örnámskeið miða við hegðun og samtöl á örnámskeiðinu þótt að enginn af viðmælendum hafi talað beint um það en þá veit ég að þetta var ekki fullkomið. Það er misjafnt hvað unglíngar vilja taka inn og hvað þau vilja breyta. Þau eru ennþá ung og að móta sjálfan sig. En það sem að greinilega gekk fyrir flesta var þessi breyting á hegðun innan skólafunnar og viðhorf kennara til breytingana skilaði jákvæðum niðurstöðum. Þessar niðurstöður segja því vel til hvernig sértækt hópastarf virkar sem efling á félagsfærni og sýnir það að samstarfið er gríðarlega mikilvægt eða jafnvel nauðsynlegt.

9 Lokaorð

Eftir þennan lestur vona ég að fólk átti sig á því hvað það er mikilvægt að efla félagsfærni barna og unglunga. Öll sú fræði sem liggur á bakvið þetta er sönn og sannar mikilvægi þess að allir þurfi á eflingu í félagsfærni sama hvort þú sért félagslega sterkur einstaklingur eða ekki. Því að við erum alltaf að læra, við erum alltaf að reyna efla sjálfan okkur til þess að verða sem besta útgáfan af okkur.

Það er ekki sjálfsagt að hafa fengið þetta tækifæri sem ég fékk og er ég mjög þakklát fyrir það. Þar sem um nýsköpun á vinnustað var að ræða í gegnum vettvangsnám tvö var mér leyft að ráða ferðinni og reyna fóta mig í eflingu á félagsfærni á sama tíma og ég byggði upp þessa ritgerð. Það hefur verið mjög lærdómsríkt ferli fyrir mig og tel ég mig sjálfa hafa eflt félags-, leiðtoga- og þjálfunarhæfni mína til muna. Skrifin á þessari ritgerð voru krefjandi en einnig svo jákvæð og góð upprifjun á öllu náminu. Það að hafa verið í nánun og góðu samstarfi við grunnskólana skilaði líka þessum árangri, að geta fengið það traust að fá heilu bekkina til mín í örnámskeið sem að var verið að prufa í fyrsta skiptið og hjálpina við að tengslakannanir og samtöl sem áttu sér stað til þess að fá betri innsýn í hópinn sem var að koma hverju sinni er ómetanlegt. Mér finnst það sýna að við sem erum í tólmstundafræðinni erum alltaf að verða meira og meira metin sem fagfólk, enda eigum við það skilið. Ég tel að þessi ritgerð ætti að henta öllum þeim sem starfa með börnum og unglungum, bæði til þess að sjá hvaða aðferðir hægt er að notast við, hver eru fræðin á bakvið þetta og hversu jákvætt og árangursríkt það er að vera í nánun sambandi milli grunnskóla og félagsmiðstöðva.

Það kom aldrei neitt annað til greina en að skrifa um eitthvað sem ég hef eldmóð fyrir og hef gaman af. Ég ætla halda ótrauð áfram í að efla unglunga til þess að verða sem besta útgáfan af sjálfum sér þar sem ég tel mig vera komna með góða innsýn í hvað virkar en er að sjálfsögðu opin fyrir að skoða nýjar leiðir og læra meira.

Heimildaskrá

- Ágústa Þorbergsdóttir, Eygló Rúnarsdóttir, Hulda Valdís Valdimarsdóttir og Jakob Frímann Þorsteinsson (ritstjórar). (2019). *Orðasafn í tómstundafræði*. Reykjavík: Félag fagfólks í frítímaþjónustu og Rannsóknarstofa tómstundafræði.
- Árni Einarsson og Guðni R. Björnsson (ritstjórar). (2001). *Fíkniefni og forvarnir*: Handbók fyrir heimili og skóla. Reykjavík: Fræðslumiðstöð í fíknivörnum.
- Árni Guðmundsson. (2007). *Saga félagsmiðstöðva í Reykjavík 1942–1992*. Reykjavík: Prentmet.
- Árni Guðmundsson. (2014). Starfsaðferðir og fagmennska í félagsmiðstöðvum. *Uppeldi og menntun/Icelandic journal of education*, 23(1). 107 – 111.
- Árni Guðmundsson. (2017). Frítíminn. Í Alfa Aradóttir, Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir (ritstjórar). *Frístundir og fagmennska: Rit um málefni frítímans* (bls. 22). Reykjavík: Félag fagfólks í frítímaþjónustu, Félag íþróttá-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa á Íslandi og Rannsóknarstofa í tómstundafræðum. Sótt af https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/15321/fristundir_og_fagmennska_utga_fa.pdf?sequence=1
- Barnaheill. (e.d.). BellaNet leiðtogaþjálfun: Þjálfun fyrir hópastarf ungmenna. Sótt af <https://www.barnaheill.is/is/forvarnir/verndarar-barna/namskeid-og-fyrirlestrar-verndara-barna/leidtogathjalfun-bellanet>
- Batsleer, J. R. (2008). *Informal learning in youth work*. London: Sage. Sótt af https://books.google.is/books?hl=en&lr=&id=i0ZsCgAAQBAJ&oi=fnd&pg=PP2&dq=informal+education+in+group+work&ots=njfqTMQsgk&sig=YtI9Y9sE1pRGE-IFU5HPTP6Lfms&redir_esc=y#v=onepage&q=informal%20&f=false
- Félag fagfólks í frítímaþjónustu. (2009, 28.maí). Siðareglur. Sótt af <http://fagfelag.is/sidareglur/>
- Gladding. (2008). *Group Work: A Counseling Speciality* (5. Útgáfa). New Jersey: Pearson
- Haukur Ingi Jónasson og Helgi Þór Ingason. (2011). *Leiðtogafærni : Sjálfsskilningur, þroski og þróun*. Reykjavík: JPV útgáfa.
- Haukur Ingi Jónasson og Helgi Þór Ingason. (2012). *Samskiptafærni: Samskipti, hópar og teymisvinna*. Reykjavík: JPV útgáfa.

- Helga Jónsdóttir. (2003). Viðtöl sem gagnasöfnunaraðferð. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar). *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 75 - 77). Akureyri: Háskólinn á Akureyri
- Hulda Valdís Valdimarsdóttir og Sigrún Sveinbjörndóttir (ritstjórar). (2008). Handbók um hópastarf. Sótt af https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/handbok_um_ho_pastarf_2008.pdf
- Jeffs, T. og Smith, M. (ritstjórar). (1990). *Using informal education*. Buckingham: Open University Press.
- Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2017). Um siðferðis- og skapgerðarmenntun: Á óformlegt nám erindi inn í skóla? *Netla, vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af: https://netla.hi.is/serrit/2017/menntakvika_2017/008.pdf
- Leitner, M. J. og Leitner, S. F. (2012). *Leisure enhancement* (4. útgáfa). Urbana, IL: Sagamore Pub.
- Martinez, L., Richards-Schuster, K., Teixeira, S., og Augsburg, A. (2018). The power of prevention and youth voice: A strategy for social work to ensure youths' healthy development. *Social Work, 63*(2), 135-143.
- Mikami, A. Y., Jia, M., og Na, J. J. (2014). Social skills training. *Child and Adolescent Psychiatric Clinics, 23*(4), 775-788. Sótt af <https://www.childpsych.theclinics.com/action/showPdf?pii=S1056-4993%2814%2900039-X>
- Ólafur Páll Jónsson. (2016, 29.janúar). *Fagmennska og siðferðilegar skuldbindingar*. Erindi flutt á RANNUNG, Grand Hótel. Sótt af: http://menntavisindastofnun.hi.is/sites/menntavisindastofnun.hi.is/files/rannung/op_j-fagmennska_sidferdilegar_skuldbindingar-rannung-jan_2016-g4.pdf
- Rannsókn og greining. (2020). *Ungt fólk Mosfellsbær: Niðurstöður rannsókna meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk*. Reykjavík: Rannsókn og greining.
- Rannsókn og greining. (e.d.). Aðferðafræðin. Sótt af <https://rannsoknir.is/adferdafraedin/>
- Rannsókn og greining. (e.d.). Um okkur. Sótt af <https://rannsoknir.is/um-okkur/>
- Reykjavíkurborg. (2019). *Starfsmannahandbók félagsmiðstöðva*. Sótt af https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulyisingar/starfsmannahandbok_f_elagsmidstodva.pdf

Samfés (Samtök félagsmiðstöðva á Íslandi). (e.d). Um Samfés. Sótt 23. febrúar 2021 af <https://samfes.is/samfes/samfes/um-samfes>

Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar). (2003). *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Sígurlína Davíðsdóttir. (2003). Eigindlegar eða megingdlegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar). *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum*(bls. 219 - 223). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Sóley S. Bender. (2003). Rýnihópar. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar). *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum*(bls. 93 -95). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Vanda Sigurgeirsdóttir. (2010). Skilgreining á hugtakinu tómstundir. Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010. Sótt af <https://skemman.is/bitstream/1946/7815/1/025.pdf>

Vanda Sigurgeirsdóttir. (2014). Tómsundamenntun. Uppeldi og menntun, 23(1), 91–97. Sótt af <https://ojs.hi.is/uppmennt/article/view/1963>

Vinnueftirlitið. (á.á.). Gildi Vinnueftirlistsin. Sótt af: <https://www.vinnueftirlit.is/um-vinnueftirlitid/gildi/>

Viðauki 1: Spurningalisti

Til deildarstjóra

1. Hvert er starf þitt og helstu verkefni?
2. Hvert er viðhorf þitt og reynsla af félagsmiðstöðinni Ból?
3. Hvernig kom það til að þið leituðu til félagsmiðstöðvarinnar?
4. Hefur þú verið ánægð með samstarfið?
5. Hvernig virkar þetta samstarf?
6. Telur þú þetta samstarf mikilvægt?
 - a. Ef svo er hvers vegna?
7. Telur þú að sértæka hópastarfið hjá Bólinu sé að skila markvissum árangri?
 - a. Ef svo er, hvernig?
 - b. Ef já: hefur þú sjálf séð breytingar á þeim?
8. Hvernig metur þú viðhorf kennara fyrir þessu starfi sem að Bólið er að bjóða uppá?
9. Eitthvað annað sem þig langar að koma á framfæri?

Til kennara og stuðningsfulltrúa

1. Hvað var það í fari bekkjarins sem var neikvætt og þörf var á breytingum?
2. Hafðir þú trú á því að bekkjarmenninging gæti breyst?
3. Tókst þú eftir breytingum hjá einstaklingum innan bekkjarins?
 - a. Hverjar voru helstu breytingarnar?
4. Telur þú bekkinn hafa öðlast betri skilning á líðan annara?
 - a. Hvernig þá?
5. Hvað með virðingu fyrir öðrum og sjálfum sér?
 - a. Hvernig þá?
6. Myndir þú mæla með því að hafa þetta örnámskeið sem skyldu fyrir alla í 8. bekk?
 - a. Af hverju?
7. Telur þú að kennari gæti haft tiltekið námskeið fyrir bekkinn og náð svipuðum/sama árangri? og þá inn í skólanum
8. Telur þú að svona hópavinna geti flokkast undir annars stigs forvarnir?
9. Hvert er viðhorf þitt til starfsins hjá félagsmiðstöðinni Ból?
10. Var þetta viðhorf tilstaðar áður en bekkurinn kom í hópastarfið?
11. Hvernig metur þú samstarf skóla og félagsmiðstöðva?
 - a. Hvernig þá?
 - b. Er þetta mikilvægt samstarf?
 - c. Af hverju?
12. Eitthvað annað sem þig langar til þess að koma á framfæri?